



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við vígslu nýbyggingar
Háskólans í Reykjavík
11. nóvember 2010**

Ráðherra. Rektor.
Kennarar. Starfsfólk. Nemendur.
Góðir gestir.

Í árdaga nýrrar aldar, þegar glíman við kreppuna virðist á stundum hafa heltekið huga þjóðarinnar, er vígsla glæsilegrar byggingar Háskólans í Reykjavík áhrifarík vísbending um nýja tíma, um sóknarkraftinn, um trú okkar á framtíðina, á hæfileika unga fólksins, tækifærin sem menntun og vísindi geta fært landsmönnum öllum.

Háskólar eru orðnir aflmestu orkuverin í hagkerfum veraldarinnar og þau ríki skara framúr sem leggja rækt við menntun og rannsóknir á mörgum sviðum; jafnvel hin fjölmennustu miða stefnuna við að iðkun fræða geri gæfumuninn.

Þá fyrst mun heimurinn skynja kraftinn í Kína þegar unga kynslóðin sem nú er í háskólunum kemur á vettvang, sagði þarlendur forystumaður fyrir fáeinum árum. Hvorki hefðbundnar auðlindir né mannmergðin myndu þá ráða úrslidum. Nýsköpun, spröttin úr jarðvegi menntunar, vísinda, rannsókna og tækni yrði haldbesta veganestið.

Við Íslendingar höfum á misserunum sem liðin eru frá því bankarnir féllu orðið vitni að þessum sannindum.

Fjölmörg fyrirtæki hafa í kjölfar hrunsins náð góðri viðspyrnu, jafnvel að skapa sóknarskeið með betri árangri en nokkru sinni fyrr. Það kann að hljóma sem þversögn í eyrum sem vön eru bölmóði kreppunnar en er engu að síður sannleikur.

Nefnum bara nokkur dæmi: CCP, Mentor, Össur, Marel, Actavis, Marorka, Gogogic, Tölvumiðlun, Trackwell, Menn og mýs, Betware, Nox Medical og fjöldi annarra sem byggja á hugviti og hæfni, rannsóknum og vísindum; eiga sum hver rætur í kennslustofum háskólanna.

Hrun bankanna varð ekki eins mikið áfall og margir, kannski flestir, óttuðust á sínum tíma vegna þeirra varnarveggja sem menntun og rannsóknir fyrri ára höfðu reist og líka vegna viðspyrnunnar sem fólst í hæfileikaríku ungu fólki sem býr að veru sinni í góðum skólum.

Vígslan hér í dag er eins konar uppskeruhátíð þessarar baráttu, gleðistund fyrir hina öfluggu sveit í Háskólanum í Reykjavík sem lét ekki kreppuna aftra för, hélt ótrauð áfram og skilaði glæsilegri byggingu heilli í höfn; byggingu sem með lögun og stíl flytur okkur skilaboð um nýja tíma, um samspil ólíkra fræðigreina, um mikilvægi greiðra gagnvega milli þeirra, um rannsóknir sem í upphafi voru aðgreindar en fundu samnefnara í leit sinni að þekkingu.

Byggingin sjálf felur í sér áminningu um að nýsköpun er fjölbætt flóra, að árangur næst með því að virkja sköpunarkraft hvers og eins til jafns við samtakamátt okkar allra.

Vígslan er líka gleðistund fyrir þjóð í vanda, vísbending um kraftinn sem býr í samfélagi háskólamanna. Við fögnum hér nýrri aflvél og samkoman minnir mig á atburði æskuára fyrir vestan þegar íbúar í heimabyggð fóru nánast allir niður á bryggju til að fagna nýjum togara.

Já, það er kannski við hæfi að lýsa háskólunum sem skuttogurum okkar tíma; aflinn forsenda velferðar í framtíðinni.

Menntun og rannsóknir, nýsköpunin sem oft er afurð þeirra, eru auðlindir sem skipta munu sköpum í hagkerfi hinnar nýju aldar, ráða úrslitum um samkeppnishæfni þjóða heims.

Við Íslendingar búum ríkulega að öðrum auðlindum sem sífellt verða dýrmætari: Fiskistofnum, hreinni orku, forðabúrum drykkjarvatns, náttúruperlum. Allt gæði sem milljarðar manna vítt og breitt um heimsbyggðina sækjast eftir; eru víða af skornum skammti enda vex verðmætið ár frá ári.

Ef okkur tekst, þessu til viðbótar, að rækta nýsköpunargetu þjóðarinnar blasir við farsæl framtíð. Háskólinn í Reykjavík hefur sýnt, þótt ungur sé, að það munar svo sannarlega um liðsstyrk hans.

Skólinn á rætur í framfaravilja atvinnulífsins, viðleitninni til að efla styrk ólíkra greina með meiri menntun; hefur markað nýjar leiðir í

fræðum viðskipta og réttarríkis – og ögrað á heilbrigðan hátt lífsreynendum frænda hinum megin við Vatnsmýrina, örvað hann til að hugsa sinn gang á nýjan hátt.

Háskólinn í Reykjavík er nú stærsti tækniháskóli Íslands; burðarás í umsköpun atvinnulífsins. Greinar sem duga munu Íslendingum best – sumar hvati þess að Bandaríkin, Indland, Kína, Rússland, fjöldi ríkja, stórra sem smárra í Evrópu, Afríku, Mið- og Suður-Ameríku sækist nú ákaft eftir samstarfi við Íslendinga – þessar mikilvægu greinar eru háðar kunnáttu í tækni og vísindum og þurfa sífellt að fá í sínar raðir ungt fólk með slíka menntun.

Árangur okkar á komandi árum, úrslitin í glímuni við yfirstandandi erfiðleika, mun einkum mótast af kraftinum sem býr í háskólunum og þar er Háskólinn í Reykjavík í framvarðarsveit – mikilvægt fyrir okkur öll, þjóðina, að hann haldi sessi sínum í alþjóðlegri samkeppni.

Skólinn hefur frá upphafi kappkostað að rækta tengslin við erlend lærdómssetur, gefa sínu fólki tækifæri til að skynja í önn sérhvers dags að veröldin er nú sem þorpið áður, samstarfið við hinn erlenda fræðaheim leiðarljós, sem og vitneskjan um að djúpar rætur á heimaslóð og alþjóðleg sýn á veröldina eru vænlegasta veganestið.

Háskólinn í Reykjavík hafði frá upphafi metnað til að vera með heimsmannsbrag í höfuðborg Íslands, og kappkosta að tengslin við atvinnulífið greiddu nýjum kynslóðum leiðir til farsællar framtíðar, efldu trú ungra Íslendinga á sköpunargetu og framtakssemi þeirra sjálfra og kostina sem ættjörðin býður okkur.

Nýbyggingin er eins konar musteri þessara vona; stíllinn boðar nýja tíma, veitir sýn til allra átta, umgjörð um iðandi mannlíf og nýsköpun.

Ég óska ykkur öllum, Háskólanum í Reykjavík, innilega til hamingju á þessum tímamótum og færi ykkur þakkir Íslendinga, árnaðaróskir þjóðarinnar.